



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2016

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 284 – 259. mál

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku. Markmiðið með frumvarpinu er að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi með því að fækka vinnustundum niður í 35 á viku, en líkt og skýrslur OECD hafa sýnt fram á haldast ekki endilega í hendir lengri vinnutími og meiri framleiðni.

Mannréttindaskrifstofan er með öllu sammála því að breyta eigi vinnudeginum í 7 dagvinnustundir í stað 8. Það hefur margsannað sig, líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpinu, að ekki er samasemmerki á milli langs vinnudags og meiri framleiðni. Þvert á móti bendir margt til þess að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og aukinna lífsgæða.

Fagnar skrifstofan því framlögðu frumvarpi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri